

Formannafundur íþróttafélagsins Vestra haldinn þriðjudaginn 26. nóvember 2019 kl. 19.30 í Vallarhúsinu á Torfnesi. Mættir formenn deilda og unglingaráða deilda ásamt aðalstjórn Vestra. Mætt voru: Hjalti Karlsson formaður, Guðfinna Hreiðarsdóttir, Sólrún Geirsdóttir, Þorsteinn Þráinsson, Guðni Guðnason, Birna Lárusdóttir, Ingólfur Þorleifsson, Heiða Jónsdóttir, Björgvin Hilmarsson, Samúel Samúelsson, Svavar Þór Guðmundsson, Þórdís Sif, Hafþór og Harpa Grímsdóttir í síma.

Á dagskrá fundarins voru eftirfarandi mál:

1. **Fjármál deilda.** Formaður minnti á að deildum ber að skila inn fjárhagsáætlun fyrir næsta ár, fyrir 15. nóvember
2. **Uppbyggingaráætlun Ísafjarðarbæjar.** Mikilvægt er að hvert íþróttafélag forgangsraði þörfum sínum eftir mikilvægi með bókstöfum, þannig fengi bókstafurinn A þá merkingu að vera mikilvægast í þörfum og merkingu. Ekki er ætlast til að skýrslan innihaldi kostnaðaráætlanir eða aðrar ítarlegri upplýsingar Mikilvægt er að setja fram á skýran hátt þarfir hvers félags/deildar.
3. **Útbreiðsla gilda og siðareglna félagsins.** Formaður greindi frá því að gildi, siðareglur og viðbragðsáætlun hefðu verið kynnt á aðalfundi félagsins í vor og á fundum með deildum. Lokafrágangur hefði hins vegar dregist, þ.e. uppsetning og þýðing yfir á ensku. Gunnar Bjarni hjá Pixel hefur tekið að sér uppsetningu og Þýðingarmiðstöðin ætlar að sjá um þýðingu. Spurning hvort þýða eigi alla viðbragðsáætlunina, um 13-15 blaðsíður eða hvort eigi að láta nægja úrdrátt yfir það helsta úr henni. Kynna þarf hana fyrir þjálfurum og stefnt að því að halda fund með þeim um miðjan janúar um þessi.
4. **Stofnun klifurdeildar.** Heiða og Björgvin kynntu hugmyndir um stofnun klifurdeildar í tengslum við að í útboði vegna byggingu á nýju knattspyrnuhúsi sem fyrirhugað er að byggja á Torfnesi þar sem gert er ráð fyrir klifurvegg.
5. **Sameiginlegt skráningarforrit vegna þjálfunar og íþróttastarfsemi** (t.d. Side Line eða Sportabler). Formaður sagði frá tveimur ólíkum forritum sem notuð eru í tengslum við þjálfun, t.d. samskipti við foreldra. Þá er einnig app í Nora sem gerir svipaða hluti og Sportsabler. Knattspyrnudeild Vestra hefur notað Sportsabler og líkað vel. Taldi formaður þetta klassískt dæmi um tæki sem félagið í heild ætti að nýta sér en nokkur kostnaður fylgir kaupum á þessum hugbúnaði og þjónustu. Nokkrar umræður urðu um kosti og galla hvers hugbúnaðar fyrir sig án þess að nokkur niðurstaða fengist en almennt talið skynsamlegt að nota sama hugbúnað fyrir allt félagið. Formaður lagði til að aðalstjórn skoðaði annars vegar Nora með tilliti til skráningar, innheimtu ofl og svo hins vegar Sportabler sem er eingöngu samskiptaforrit og hver kostnaðurinn væri.
6. **Útsendingar frá viðburðum félagsins.** Formaður greindi frá því að nokkur breyting hefði orðið hvað varðar útsendingar hjá deildum félagsins þegar Guðmundur Einarsson flutti í burtu en hann hafði að miklu leyti séð um útsendingar fyrir körfuna og knattspyrnuna að einhverju leyti. Hann átti búnaðinn og fór knattspyrnudeildin í það að fjárfesta í búnaði til að sýna frá leikjum í stað þess að kaupa þá þjónustu gegn gjaldi. Karfan hefur aðgang að búnaði en hefur ekki mannskap með kunnáttu til að sinna útsendingum nema að takmörkuðu leyti. Deildin hefur ekki séð sér fært að kaupa svona þjónustu frekar en knattspyrnudeildin. Rætt um ýmsa möguleika varðandi útsendingar, t.d. youtube-rás og ýmis forrit sem hægt er að nálgast á

netinu. Aðal vandamálið er að finna einhvern til að sjá um útsendingarnar og bera ábyrgð á búnaðinum því vonlaust er að hann gangi manna á milli. Skynsamlegast væri að deildirnar útveguðu fólk í teymi sem lærði á búnaðinn og sæi um útsendingar frá leikjum. Einnig rætt um möguleika þess að sveitarfélagið styrki útsendingar gegn gjaldi. Fundarmenn sammála um mikilvægi þess að finna á þessu lausn og hafa sameiginlega rás undir nafninu Vestri TV.

7. **Búningamál og fyrirkomulag mátana.** Formaður greindi frá því að ábendingar hefðu borist um að þegar Jako hefur verið með búningamátun fyrir knattspyrnudeildina hér fyrir vestan hafa upplýsingar um slíkt ekki alltaf skilað sér til annarra deilda sem eru í utanyfirgöllum frá Jako. Samúel Samúelsson greindi frá því fatalínan sem hefur verið í notkun hjá félaginu sé á leiðinni út og ný lína á leiðinni inn þannig að skipti séu framundan í búningamálum knattspyrnunnar. Birna Lárusdóttir og Harpa Grímsdóttir ítrekuðu mikilvægi þess að yngri flokkarnir væru í eins utanyfirgöllum og að meira samráð væri á milli deilda í búningamálum. Þá væri hentugt að sérstakur hnappur væri á vefsíðu félagsins fyrir búningapantanir.
8. **Skipulag fjáraflana.** Guðfinna greindi frá því talsvert hefði borið á því að yngri flokkar deildanna hefðu verið að fjárafla hver ofan í aðra í haust og hvort ekki væri ráð að búa til opið dagatal þar sem deildirnar gætu skráð inn sínar fjáraflanir og hvað væri verið að selja þannig minni hætta væri á árekstrum. Fundarmenn sammála þessu og ákveðið að stofna facebook hóp þar sem slíkt dagatal yrði staðsett en jafnframt sameiginlegur vettvangur deildanna til að koma upplýsingum á framfæri. Í framhaldi af þessari umræðu kom Samúel með þá hugmynd að félagið héldi eitt stórt þorablót, þ.e. deildirnar sameiginlega. Fundarmenn tóku jákvætt í hugmyndina og ákveðið að kanna hvort grundvöllur væri fyrir slíku, jafnvel mætti skoða aðra möguleika, t.d. á villibráðarveislu eða fiskiveislu. Þorsteinn Þráinsson benti á að hann hefði hingað til lánað íþróttafélögum murikka-pönnur án endurgjalds þótt hann væri ekki alltaf sjálfur til staðar til að elda. Sum íþróttafélög hefðu nýtt sér þetta en það mætti alveg benda fleirum á þennan möguleika.
9. **Íþróttaskóli HSV - afstaða Vestra.** Formaður greindi frá því að HSV hefði fengið styrk til að gera rannsókn á starfsemi íþróttaskólans og búið væri að gera samkomulag við tvo nemendur við Háskólann í Reykjavík um framkvæma þessa rannsókn og skila skýrslu um málið. Ákveðið að fresta umræðum um þetta mál til næsta formannafundar.
10. **Anddyri íþróttahússins.** Fyrirspurn um stöðuna á endurbótum á anddyri íþróttahússins á Torfnesi. Guðfinna sagði lítið að fréttu af því máli og hefði hún sent fyrirspurn til sviðsstjóra skólasviðs og sviðsstjóra umhverfissviðs Ísafjarðarbæjar en engin svör borist fyrir fundinn.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 22.15